

## Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um jarðvegslosun í Bolaöldu.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hversu mikið magn af jarðefnum, mold, mól, grjóti og steinsteypubrotum var flutt árlega á jarðvegslosunarsvæðið í Bolaöldu í hlíðum Vífilsfells í landi Ölfuss frá því að starfsemi hófst þar og fram til ársins 2017?
2. Hefur verið könnuð hagkvæmni þess að jarðvegur sem fellur til og til þessa hefur verið losaður í Bolaöldu væri framvegis nýttur, t.d. til uppfyllingar við hafnargerð við Faxaflóahafnir? Ef svo er, hver var niðurstaða slíkrar könnunar?

Skriflegt svar óskast.